

Aðalfundur Íslenska safnaðarins í Noregi 7. maí 2017.
Haldinn í safnaðarheimili Nordberg kirkju í Ósló.

Fundarstjóri: Kristinn Ágúst Friðfinnsson

Fundarritari: Eygló Sigmundsdóttir

Dagskrá:

Formaður Arnar Páll Michelsen setur fundinn kl. 15:30.

1. Formaður kannar hvort til fundar sé löglega boðað.

Formaður staðfestir að löglega hafi verið boðað til fundarins.

2. Kosning fundarstjóra og fundarritara.

- a. Fundarstjóri er kosinn Kristinn Ágúst Friðfinnsson
- b. Fundarritari er kosinn Eygló Sigmundsdóttir

3. Skýrsla formanns.

- a. Formaður rekur markverðustu atburði síðasta árs. Hann nefnir að síðasta ár hafi einkennst af breytingum og fjárhagslegum óstöðugleika. Sr. Arna Grétarsdóttir sóknarprestur og sr. Ása Laufey Sæmundsdóttir fræðslufulltrúi létu af störfum og ráðnar voru til starfa sr. Ragnheiður Karítas Pétursdóttir í stöðu sóknarprests, og sr. Kristín Lilja Þorsteinsdóttir í stöðu prests. Formaður fór í stórum dráttum yfir breytingarnar á skráningarferlinu í Söfnuðinn og þá erfiðleika sem hafa stafað af innkomu safnaðarins í formi sóknargjalda. Þetta mál er í biðstöðu eins og er og beðið eftir niðurstöðu frá sýslumanni vor 2017. Arnar lætur af störfum sem formaður safnaðarins og notaði tækifærið í þessu samhengi til að þakka fyrir gott og ánægjulegt samstarf.
- b. Það spunnust nokkrar umræður um skráningarmálin og fjárhagslega framtíð safnaðarins. Það barst fyrirspurn frá Þórhalli Guðmundssyni, fyrsta formanni íslenska safnaðarins um þessi mál. Sr. Ragnheiður Karítas svaraði fyrirspurninni og sagði að þessi mál væru í farvegi hjá lögfræðingum og jafnframt að hún væri bjartsýn á að málið leystist á farsælan hátt. Þórhallur lagði aftur ríka áhersla á að vera vakandi í þessu máli og vera viðbúinn að málið gæti farið á hvorn veginn sem væri. Formaður og sóknarprestur voru sama sinnis.
- c. Formaður fór yfir meðlimi stjórnar Íslenska Safnaðarins og þær breytingar sem eiga sér stað í aðal- og varastjórn. Þeir sem fara úr aðalstjórn á aðalfundi eru: Arnar Páll Michelsen, formaður, Einar Helgason, gjaldkeri, Lilja Björk Þorsteinsdóttir, varaformaður, Elín Kolbeins, ritari og Ann-Cathrin Marcussen, meðstjórnandi. Úr varastjórn fer Eygló Sigmundsdóttir. Björn Hallbeck í varastjórn gefur kost á sér í aðalstjórn.

4. Stefna stjórnar.

- a. Björn Hallbeck, sem hefur gengt staðgengis hlutverki formanns frá 01.01.2017, í fjarveru hans eftir flutning til Íslands, gerði grein fyrir meginatriðum í stefnu stjórnar. Aðalstefnumálin eru 7 og fjalla um sunnudagaskólastarfið, unglingastarfið, fullorðins fræðslu, mikilvægi þess að viðhalda góðu samstarfi við félög og önnur samtök,

Íslenski Söfnuðurinn í Noregi Den Islandske Menighet i Norge

sendiráðið og íslenska presta. Ásamt því að halda áfram að kynna söfnuðinn og hafa á stefnuskránni að kaupa prestbústað innan fárra ára. Stefnuna má lesa í heild sinni í Skýrslu Safnaðarins.

- b. Það spunnust nokkrar umræður um stefnu stjórnar: Þórhallur Guðmundsson tekur til máls og bendir á mikilvægi þess að efla og styrkja barna- og unglingastarfið, skv. grein 2 í stefnu stjórnar. Hann nefnir í því sambandi sérstakar áhyggjur af 7. málsgrein í Aðalfundarskýrslunni, blaðsíðu 5, sem fjallar um fyrirhugaða fækkun á ferðum unglinganna m.a. til Íslands. En vegna óvissu í fjárhagsaðstöðu safnaðarins hefur verið aflýst fyrirhuguðu fermingarabarnaferðalagi vor og haust 2017 og ferð á æskulýðsmótið á Íslandi haust 2017. Þórhallur óskar að þessi ákvörðun verði dregin til baka og sett verði aukið fjármagn í barna- og unglingastarfið á kostnað annarra liða t.d. annars ferðakostnaðar. Þórhallur leggur til að hlúð verði sérstaklega að kórastarfi og tónlist fyrir börn, og stofnaðir verðir barnakórar fyrir 9 ára og yngri og 10 ára og eldri.
- c. Þórhallur setur einnig fram ósk um að búinn verði til nýr liður í Stefnu stjórnar; *liður 8. Styrkja íslenska menningu í Ósló og öllum Noregi*.
- d. Formaður svarar þórhalli og staðfestir að lögð sé rík áhersla á allt barna- og unglingastarf í Söfnuðinum og að stefna stjórnar sé að halda því áfram. Formaður leggur til að umræðunni um niðurskurð og fjármál verði haldið áfram síðar á fundinum, undir liðnum um *fjárhagsáætlun og ársreikningar*. Þetta er samþykkt og gengið til atkvæðagreiðslu um stefnu stjórnar.
- e. Fundarstjóri gengur til atkvæðagreiðslu og er Stefna stjórnar samþykkt einróma.

5. Skýrsla prests.

- a. Sr. Ragnheiður Karítas kynnir meginþætti úr skýrslu prests. Hápunktur starfsársins er án efa heimsókn forseta Íslands Guðna Th. Jóhannessonar og frú Elizu Reid til safnaðarins og í Ólafíustofu. Ragnheiður Karítas talar um skráninguna og að um áramót voru 1.114 manns skráðir í Söfnuðinn, en fyrir breytingar hafi það verið u.þ.b. 7.000 manns. Ragnheiður Karítas segir að allt barna- og unglinga starfið blómstri, einnig helgihald, kirkjulegar athafnir og kórastarf. Hún nefnir frumflutning á verkinu „*Játning Ólafíu*“ á *Ólafíudeginum*, störf Listanefndar, Ólafíusjóðinn sem afgreiddi 6 umsóknir á árinu ásamt að fjalla um ýmis áhrif sem óvissan í tekjumálum safnaðarins hefur haft á safnaðarstarfið. Ragnheiður Karítas kemur aftur inná að fækka hefur þurft ferðum fermingarbarna úr tveimur í eina á ári og æskulýðsferð til Íslands aflýst vegna óvissu í tekjumálum. Ekki sé þó haggð við innviðum starfsins.
- b. Breytingar verða á meðlimum Listanefndar og Ólafíusjóðs. Vignir Freyr Helgason fer úr Listanefndinni og Lilja Björk Þorsteinsdóttir úr Ólafíusjóðnum. Kjósa þarf nýja í þeirra stað.

6. Fjárhagsáætlun og ársreikningar lagðir fram.

- a. Formaður kynnir **ársreikninga og fjármál Safnaðarins** í fjarveru gjaldkera Einaris Helgasonar. Um þetta má lesa nánar í Aðalfundaskýrslu Safnaðarins. Formaður segir að fjárhagsafkoma síðasta árs sé góð, peningar sé á sparifjárreikningi og rekstrarafgangur á árinu. Formaður segir að veganestið til komandi Stjórnar sé að nú sé hins vegar þörf á að ganga á sparnað vegna fjárhagserfiðleika, en sparnaður hafi verið áætlaður til kaupa á Prestbústað. Ef hins vegar gengur eftir með skráningarmálin eru möguleikar á kaupum á Prestbústað á næsta ári.

Íslenski Söfnuðurinn í Noregi
Den Islandske Menighet i Norge

- b. Formaður fjallar enn fremur um mikilvægi þess að skera ekki niður í innviðum barna- og unglingastarfsins. Hann ítrekar að þó dregið hafi verið úr framlögum til ferðalaga í þessum flokki, þá séu engar breytingar í innviðum starfsins. Nú fari starfið hins vegar fram í Noregi í staðinn til að spara útgjöld.
- c. Þegar formaður hefur lokið máli sínu kallar fundarstjóri eftir athugasemdum um fjárhagsáætlun og ársreikninga. Þórhallur Guðmundsson stígur í púlt. Hann byrjar á að þakka stjórninni fyrir vel unnin og óeigingjörn störf í þágu safnaðarfólksins. Þórhallur bendir á að rekstrarreikningur sýni háar tölur í liðnum ferðakostnaður og vill minna stjórnina og söfnuðinn á að aðgát í allri ráðstöfun fjár. Þórhallur leggur til að dregið verði úr ferðakostnaði og peningarnir settir í **barna- og unglingastarfið**. Þórhallur leggur fram eftirfarandi breytingartillögu vegna liðs 65.81 í ársreikningi Barne og ungdomstiltak.
Breytingartillagan er svohljóðandi: „*Breyting á fjárhagsplani, lykli nr. 6581: Barn og ungdomstiltak verði hækkað frá 50.000 kr í 200.000 kr, þ.e.a.s. um 150.000 kr, 50.000 kr til stofnunar barnakórs fyrir börn undir 12 ára aldri og 100.000 kr í ferð fermingarbarna til Íslands*“.
- d. Formaður svarar umræðunni um ferðakostnað og breytingartillögu Þórhalls: Formaður segir að hár ferðakostnaður sé m.a. tilkominn af því að stór hluti ferðakostnaður við barna- og unglingastarfið er skráð á þennan lið. Á gjaldaliðinn ferðakostnað séu færð flugfargjöld fermingarbarnanna um allt land og til Íslands og Svíþjóðar. Arnar tekur fram að ef úr rætist með skráningargjöldin þá verði ferðirnar tvær sem lagðar hafa verið niður teknar upp aftur.
- e. Sigurdís Reynisdóttir stígur í pontu og minnir fundargesti á að hluti ferðakostnaðar sé einnig tilkominn vegna ferða sjúkravítjana og sálgæsluviðtala presta.
- f. Hjörleifur Valsson tekur til máls og vill minna á, áður en gengið er til atkvæðagreiðslu um tillögu Þórhalls, að Söfnuðurinn hafi haft góð fjárráð undanfarin ár. Hann minnir ennfremur á að allir útgjaldaliðir eru skráðir, þannig að hægt er að rekja í hvað peningarnir fara. Nú eru hins vegar breyttir tímar, við vitum ekki hversu mikið við höfum til ráðstöfunar í dag. Við verðum að treysta stjórninni, prestunum og starfsmönnum. Hjörleifur segir að hann álíti það of snemmt, miðað við þær upplýsingar sem við höfum í dag, að fastsetja ákveðna upphæðir í barna- og unglingastarfið. Heldur halda fast í stefnu stjórnar í lið 2.2. um að styrkja barna- og unglingastarfið.
- g. Þórhallur kemur aftur í pontu og hvetur enn og aftur til eflingar barnastarfsins og stofnun barnakórs með haustinu, þó þetta sé ekki sérstaklega skráð í fjárhagsáætlun, einnig ber hann fram ósk um að einni ferð til Íslands verði haldið inni fyrir fermingarbörnin. Þórhallur óskar einnig eftir því að ársreikningar verði lagðir fram í tíma fyrir aðalfund, svo fólki gefist kostur á að kynna sér þá fyrir fundinn.
- h. Formaður svarar fyrirspurn Þórhalls um stofnun barnakórs, að þær hugmyndir séu innan stefnu stjórnar. Enn fremur að reikningar liggi frammi á skrifstofu Safnaðarins.
- i. Næstur tekur til máls Leó Pétur og býður sig fram til að koma að stofnun barnakórs ef næg þátttaka fæst.
- j. Hjörleifur tekur aftur til máls og segir að hann styðji stofnun barnakórs, og hann sem nefndarmaður í Listanefnd, vilji beita sér fyrir stofnun barnakórs íslenskra barna í Noregi. Hjörleifur vill í þessu samhengi einnig hvetja fólk til að mæta á 17. júní hátíðarhöldin og jólaböllin sem einn lið í að rækta tengslin við aðra Íslendinga, rækta íslenska tungu og efla þjóðartengsl. Ennfremur segir Hjörleifur að mikilvægt sé að Söfnuðurinn styðji við jólaballahald og 17. júní hátíðarhöld um allan Noreg.

Íslenski Söfnuðurinn í Noregi Den Islandske Menighet i Norge

- k. Kristín Magdalena Ásgeirsdóttir tekur næst til máls og vekur athygli á því að hún og tveir aðrir kennarar hafi verið með íslensku kennslu í Ólafíustofu síðastliðið ár. Þær kenni íslensku, þjóðsönginn og önnur íslensk ljóð og sögur. Íslensku skólinn (Morsmålsskolen) sé að finna á Facebook og þær muni halda kennslunni áfram næsta vetur.
- l. Þórhallur Guðmundsson tekur aftur til máls og dregur fyrri breytingartillögu sína til baka og ber fram nýja breytingartillögu svohljóðandi:
„Söfnuðurinn hvetji til aukins stuðnings við barna- og unglingastarfsemina með því að stefna að stofnun barnakórs fyrir börn undir 12 ára aldri. Einnig að stjórn Safnaðarins gefi fermingarbörnunum möguleika á einni ferð til Íslands á ári“.
- m. Guðni Ölvérsson tekur næst til máls og hvetur fundarmenn að samþykkja tillögu Þórhalls.
- n. Engir fleiri óska að tjá sig um málin og er þá gengið til **atkvæðagreiðslu um tillögu Þórhalls og um fjárhagsáætlunina**. Tillaga Þórhalls er samþykkt einróma. Tillaga um fjárhagsáætlun er samþykkt einróma.

7. Tillögur.

Fundarstjóri tekur þá aftur til máls og kynnir **lið 7 frá fundargerð Aðalfundar 2016 um breytingartillögur sem hafa beðið afgreiðslu þessa fundar.**

1) Mál sem varðar framlag í Ólafíusjóðinn og kosningu varamanns í Ólafíusjóðsstjórnina. Tillaga um að „kosnir verði 3 aðalmenn í stjórn og einn varamaður“.

Tillaga formanns: „Allar vaxtatekjur færast í Ólafíusjóðinn. Til viðbótar hefur stjórn heimild til að leggja til viðbótar allt að 70.000 kr. að auki árlega, ef tekjur leyfa, en ekki binda neina fasta tölu þar sem óvissa er í fjármálum safnaðarins“.

2) Tillaga um nafnbreytingu á Den Islandske Menighet i Norge í „Den Islandske kirken i Norge“. Um þetta urðu þónokkrar umræður. Þórhallur Guðmundsson lagði til að nafnbreytingartillagan á Söfnuðinum verði borin undir lögfræðilegt álit, fyrst og fremst til að athuga hvort þetta hafi áhrif á fjárveitingu Safnaðarins frá Norska ríkinu. Þar sem grunnurinn fyrir fjárveitingu norska ríkisins til Safnaðarins gæti verið byggður á því að Söfnuðurinn er Stiftelse. Hann leggur til að málið verði borið upp aftur á Aðalfundi 2018 eftir að þetta hefur verið kannað.

3) Tillaga Listanefndar frá því í fyrra um að Hjörleifur Valsson verði með formlegum hætti beðinn um að taka að sér að vera faglegur ráðgjafi tónlistarmála sem tilraunarverkefni til tveggja ára.

Engar fleiri breytingartillögur eru bornar fram.

Gengið er til **atkvæðagreiðslu um tillögurnar**:

- 1) Samþykkt er einróma að Ólafíusjóðsnefndin hafi 3 aðalmenn (þar af er einn þeirra sóknarprestur) og 1 varamann í stjórn.
- 2) Tillaga um að breyta nafni Safnaðarins í Íslenska kirkjan í Noregi er samþykkt einróma, með þeim fyrirvara að stjórn Safnaðarins fái lögfræðialit um að nafnbreytingin standist Norsk lög.
- 3) Ekki þurfti samþykki tillögu Listanefndar frá 2017, þar sem hún kemur ekki til atkvæðagreiðslu fyrr en 2018.

Íslenski Söfnuðurinn í Noregi
Den Islandske Menighet i Norge

8. Kosning í stjórn.

- a. Kosning í aðalstjórn Safnaðarins: Í framboði voru 11 einstaklingar: Björn Hallbeck, Jónína Margrét Arnórsdóttir, Kristján Daðason, Guðrún Elín Svansdóttir, Jens Bogason, Evert Stefan Jensson, Katla Sveinbjörnsdóttir, Stefán Snævarr, Snorri Ólafsson, Guðbjörg Árnadóttir og Kristinn Ævar Hilmarsson. Kosið var í 5 nefndarasæti.
Kosningu hlutu: Guðrún Elín Svansdóttir, Björn Hallbeck, Stefán Snævarr Hilmarsson, Guðbjörg Árnadóttir og Jónína Margrét Árnadóttir.
- b. Kosning í varastjórn Safnaðarins: Í framboði voru 5 einstaklingar: Eysteinn Hilmarsson, Snorri Þórsson, Kristján Daðason, Katla Sveinbjörnsdóttir, Snorri Ólafsson. Kosið var í 2 nefndarsæti.
Kosningu hlutu: Katla Sveinbjörnsdóttir og Kristján Daðason.

9. Kosning í aðrar nefndir ef þörf krefur.

- a. Kosning í Listanefnd: Stungið var uppá Eysteini Hilmarssyni og samþykkt með lófataki.
- b. Kosning í stjórn Ólafíusjóðs: Kristján Daðason gaf kost á sér áfram. Sigurdís Reynisdóttir bauð sig fram og voru þau samþykkt með lófataki.
- c. Kosning í varastjórn Ólafíusjóðs: Stungið var uppá Ágústu Maríu Arnardóttur og var hún samþykkt með lófataki.

10. Önnur mál.


Lögð var fram tillaga frá Ingu Erlingsdóttur (liður 1-4) og Guðna Ölverssyni (liður 5) um **Starfsreglur kjörnefndar**.

1. Auglýst er eftir framboðum í stjórnir og nefndir á heimasíðu Kirkjunnar 6 vikum fyrir Aðalfund.
2. Setja tímafrest á hvenær skuli skila inn framboðum til Kjörnefndar (1-2 vikum fyrir Aðalfund).
3. Kjörnefnd hefur frumkvæði af að leita eftir fólki ef þörf krefur.
4. Kjörnefnd sér um framkvæmd kosninganna á Aðalfundi.
5. Einungis þeir sem mæta á aðalfund eru kjörgengir fulltrúar til kosninga á Aðalfundi.

Samþykkt einróma.

Óskað var eftir því að starfsreglur verði settar inn sem tilmæli fyrir kjörnefndina sem stjórn og kjörmenn vinna eftir. Ekki er um lagabreytingu að ræða.

Fundi slitið kl. 19:30


Eygló Sigmundsdóttir, fundarritari

Arnar Páll Michelsen, formaður